

## **ÞÍ. Einkaskjalasöfn. E.2. Skarðverjar.**

I nafne Heilagrar Þrenningar  
Amen

Anno 1715 Þann 12 Octobris ad Skarde a Skardsströnd, Fram for So latande Hiona bands underbuningur og Kaupmale sem Hier Seiger, Millum Effterskrifadra manna. Af eirnre alfu Eruverdugs Profastsins Sr Magnusar Magnussonar firer liuflega böñ Erugófuðrar Hófdings Mad(am)me Þurydar Sæmundsdottur, til ad hallda Svórum uppe firer Hónd Naunga Hennar og ordens Oskasonar Heidurligs og Vellærds Orms Dadasonar, Asamt Hans kiæra fódurs, Heidurligs og Vellærds Sr Dada Steindorzsonar. Enn af Annare Halfu Vyrduðlegs Hofdingia Monsr Biarna Peturssonar sem I umbode sinnar Gófuðu vermodur digdaudugrar Matronæ Arnfrydar Eggertsdottur talade Hennar mäle möt Veln[e]fndum Profastinum Sr Magnuse. Enn Þad faldest og Giórdest i samtale Þessra Gófuðu manna, ad Heidurlegur og Vellærdur Monsr Ormur Dadason og Erugófuð Hófdings Jomfru Ragneidur Þorsteinsdottur trulofudust til Heilags Hionabands med soddan skilmalum og fiärlæge sem Hier greiner.

I firstu talde Eruverdugur Profasturinn Sr Magnus Magnusson ad forlæge og tilsógn velnefndrar Hofdings Mad(am)me Þurydar Sæmundsdottur, sem Hun effter Giórdu Testamente ad Skipholte I Itra Hrepp Dateredu 25 Aprilis Anno 1708 I vidurdvist nafnkunnugra Persona og þar uppa feingine kongl. Majst allra nädugustu Confirmation af Dato Kaupenhavn 20 Aprilis 1709 sem hvorttveiggia var Hier nu a Kaupdeige upp Lesed In Originali, Velnefndum Monsr Orme til Peninga Auknings äanafnad Hefur äsamt þui Hann tilstendur Effter forelldra Sina I fastaeign til Kaups og Konumundar tvó hundrud Hundrada og tyutyu Hundrud, En i Lausafie tilleggur Hun Hónum nu strax ä Kaupdeige af sinum munum tvo hundrud Hundrada, Er Sa skilmäle velnefndrar Hofdings Mad(am)me ad hun samt byhallde til Alls eignarhallds og Agröda sina lyfstyd þriätyu hundrudum ür adurnefndre fasteign nefnelega Halflendunum vid Arnarfiörd, Lokenhómrum, H[r]afnabiörgum og Selvogum.

Nu Þess[u a]dursógd[u] Fie Gefur velnefndur Monsr Ormur Dadason Hier nefndre sinne Gófuðre HeitMey Ragneide Þorsteinsdottur I tilgiöf, so framt þeim verður Hionabands samvista auded, Sextiju Hundrud I fasteign med samþicke sinnar velnefndrar velgiórðamodur Þurydar sem er Þriätyu Hundrud I FlatEý ä Breidafyrde Er reiknast med Kyrkiu Eignenne firer Fiorutyu og Fimm Hundrad, og þar til Fimmtan Hundrud I Jordu ur Þeirre bestu fasteign, sem Hann nu ä, edur Eigande Ad verður, Þar og i þeirre Jordu, sem Hanns velnefnd HeitMeý, edur Hennar erfing<i>ar vilia Kiosa.

Hier i mot talde Vyrduðlegur Syslumadurinn Gófuður Hofdinge Monsr Bjarne Petursson Sinne Elskulegre teingda Systur Ragneide Þorsteinsdottur I Heimannmund Eitt Hundrad Hundrada og Fiogur Hundrud Effter giórðum Arfaskifftum Hier ad Skarde þann 16 Augusti 1704 og þar ad auke ur Oskifftum Erfda Hluta tvenn Hundrud Hundrada – Þrettan Hundrudum og Sextyu alnum mille Þriggia Systranna Mad(am)me Elenar, Ragneidar og Sigrydar attatyu og Fiögur Hundrud og Sextyu alner: Sem i næstkomande Fardógum äanafnast og Afhendast skulu, velnefndum Monsr Orme til medtoku og Firerskilur velnefndur hofdinge Monsr Bjarne Ad Hófuðbolid Hiorts[e]ý Sie ecke ad naudsinalausu urættis burtbitt Effter Adur Þar um giórðum skilmalum.

Jafnframt Þessu telur adurnefndur Hofdinge Monsr Bjarne velnefndre Erugófuðre Jomfru Ragneide Þorsteinsdöttur I Lausafie Hälfð annat Hundrad hundrada til vissra arfaskiffða möt

hennar sambornum sistrum, Enn kunne það frekara til Verda, ásamt hennar Gofugra Naunga vingiófum, þa skule það auka Hennar mæla i Gard Monsr Orms edur Hann<s> erfingia, reiknast so effter Hier Greindu tillæge mala upphæd Erugófugar Jomfrur Ragneidar Þorsteinsdottur I Gard Monsr Orms Dadasonar ad tilgiofinne med reiknadre I fostu tuo Hundrud Hundrada, tuttugu og Atta hundrud Sextyu alner Enn halft Annad Hundrad Hundrada I Lausafie, Hvert tveggia Samann reiknad Þriu Hundrud Hundrada attatyu og Atta Hundrud Sextyu alner, tilskilur velnefndur Gofugur Hófdinge Mons Biarne Petursson vegna sinnar Allrar æruvyrðande Vermodur Mad(am)me Arnfrýdar Eggertsdóttur ad Monsr Ormur utsvare Árlega Fiörum Hundrudum verd Aura af þessu fie, sinnar Gófugar HeitMeyar, velnefndre Gófugre Matronæ Arnfryde til medtöku, og þau somu i Þeim Landaurum, sem Hun tilmæler, og Hann Getur utelated, so tilskilur Hann og ad Oroskud og öätalenn stande af Monsr Orme skifte Gófugar Matronæ Arnfrydar Eggertsdottur, mille hennar barna, og öll þau skilyrde, er hun hefur under þau skiffte firer skiled, bæde hvad fast og laust godts ährærer. Auk þessa er af beggia Partana Halfu tilskilenn kiorgripur, til handa þui Hiona sem leingur Lyfer, ur þess fie er ad Vilia Herrans Burtkallast, Og sie Hann ei meire enn tyu hundrud og ei minne enn<sup>1</sup> fimm hundrud.

Ad Sydustu firer skildu bader þeir, Eruverdugur Profasturenn af halfu Mad(am)me Þuryðar, og Virdulegur Syslumadurenn af Halfu Gofugar Matronæ Arnfrydar ad Hier nefndar Erugófugar Personur Monsr Ormur og Jomfru Ragneidar, sieu Þeirra strax nefndu Gófugu Astvinum og beggia þeirra näkomnum naungum til Allrar Þeirrar Þienust[u,] velvilldar og adstodar, sem þeirra er Some ad veita enn hinna ad þiggia.

Og ad Øllum þessum framann og ofannskrifudum skil[m]alum loglega stadfestum, med allra hlutadeiganda Liufu og oneiddu Jayrde, og fullnadar Handsolum, trulofudust adurnefndar Erugófugar Personur Monsr Ormur Dadason og Jomfru Ragneidar Þorsteinsdotter, loglegre hi[o]nabands trulofun, ad undannfornum formala soknar Prestsins heidurlegs og vellær[ds] Sr Lyds Magnussonar med tilhlydelegum Ceremoniis effter Ordinantiunar hliodan.

Þessu Øllu framann og ofannskrifudu til stadfestu og fullkomins Vitnisburdar skrifum vier vor nofn hier ad nedann ä Skarde aa Skardstrond Anno et Die ut Supra. Þesse gienpartur Er med Eigenn hóndumm Underskrifadra Fullgiórdur þann 19 Octobris Anno et loco ut supra.

|                                       |                        |
|---------------------------------------|------------------------|
| Efter Skipun Gófigrar Velgiórda Modur | Þuridur Sæmunds Dottir |
| Minar Underschrifast af mier          | Ormur Dada Son         |
| Arnfrýdur Eggertsdotter               | Sigurdur Sigurdsson    |
| Biarne Petursson                      | Magnus Biarnason       |
| Teitur Ara Son                        | Jon Gudmunds son       |
| Finnur Nichulässon                    | Wigfús Jonsson         |
| Gudmundur Joonsson                    |                        |
| Olafur Jonsson                        |                        |

Ofann og framann Skrifadur Kaupmäla giórningur Var ij öllum atrýdum Jätadur og Med liufumm Handsólumm Stadfestur, af öllum þessa mäls, Gófugum Hlutadeigendum, og ad Undannförnum Þremur Hiönabandslýsingum ij Kyrkiu Sófnudenum og lólegre Festing, Voru Æru Gófugar Personur Monsr Ormur Dadason og Mad(am)me Ragneidar Þorsteins Dottur Samann Výgd Fýrer Embættes ütrietting Heidurlegs og Vellærds Kennemanns Sr Lýds

---

<sup>1</sup> ei minne enn, tvítekið.

Magnussonar Hier ad Skards Kyrkiu Dominica 18 post Trinitatis, med bæn og blessan effter Ordinantiunnar Hliödan. Þessu til Vitnes eru Under Skrifud nófn a Sama stad og äre, enn deige Sydar enn Hier næst Fýrer ofann Greiner.

|                   |                     |                    |
|-------------------|---------------------|--------------------|
| Jön Jönsson       | Sigurdur Sigurdsson | Teitur Ara son     |
| Gudmundur Jonsson | Jon Paalsson        | Eggert Gudmundsson |
|                   |                     | Gudmundur Jönsson  |